



# Jökclarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 14

Ágúst 1986

### HAUSTFERÐIR

1. Haustferðin í Jökulheima verður 12. - 14. september 1986. Lagt verður af stað kl. 20:00 frá Guðmundi Jónassyni, Borgartúni.
2. Múlajökull. Farin verður mælinga- og skemmtiferð að Múlajökli helgina 26. - 28. september 1986.

Pátttaka tilkynnist Stefáni Bjarnasyni í síma 686125 og 37392 eða Ástvaldi Guðmundssyni í síma 686312.

## JÖKULHEIMAFERÐ

Hin árlega haustferð í Jökulheima verður farin helgina 12. - 14. september. Að venju verður lagt af stað á föstudagskvöldi kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni hf. við Borgartún og komið aftur í bæinn á sunnudagskvöldi.

## MÆLINGAFERÐ AÐ MÚLAJÖKLI

Síðustu helgina í september verður farin árleg mælingaferð að Múlajökli, sunnan í Hofsjökli. Að þessu sinni er fyrirhugað að þeir félagar, sem áhuga hafa og geta komið því við, sláist í för með mælingamönnum, þeim til aðstoðar og sér til skemmtunar.

Hinn 20. apríl s.l. varð vart við framhlaup í Múlajökli. Allur sporðurinn frá Hjartarfelli að Arnarfelli skreið fram og ýtti á undan sér nýföllnum snjó. Síðast hljóp Múlajökull fram 1971-1972, alls um tæpa 400 m. Árið 1965-1966 hljóp jökullinn fram um 70 m og 1953-1954 um 160 m. Farið verður á jeppum (eða rútu ef þátttaka er mikil) og gist í tjöldum. Þó svo farið verði á einkabílum eru þeir sem ekki ráða yfir jeppum en hafa áhuga á þessari ferð hvattir til að hafa samband. Þátttaka í báðar ferðir tilkynnist Stefáni Bjarnasyni í síma 686125 og 37392 eða Ástvaldi Guðmundssyni í síma 686312.

## FÉLAGSGJÖLD 1986

Nú hafa gíróseðlar verið sendir til félagsmanna og eru greiðslur farnar að berast. Árgjaldið er nú 950 kr. Á síðasta aðalfundi voru samþykkt breytt lög fyrir félagið, sbr. síðasta

fréttabréf. Þar kemur fram að hægt er að gerast fjölskyldufélagi ef annar í fjölskyldunni er félagi. Fjölskyldufélagar greiða lægri árgjöld og er tímaritið Jökull ekki innifalið í þeim. Félagsgjöld fjölskyldufélagar fyrir 1986 hefur verið ákveðið kr. 300. Þeir sem vilja gerast fjölskyldufélagar eru beðnir að hafa samband við stjórnina.

### NÝR SKÁLI Á GRÍMSFJALLI

Eins og fram kom í skýrslu formanns á síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins falið skálanefnd að reisa nýjan skála á Grímsfjalli. Hönnun og teikningum er að mestu lokið og verður hann smíðaður í veturn. Áformað er að flytja skálann fullbúinn á Grímsfjall næsta sumar, en þá eru liðin 30 ár frá því gamli skálinn var reistur.

Í Grímsvatnaferðinni í júní síðastliðnum var skálanum valinn staður og sléttaður grunnur undir hann. Nýi skálinn verður 17 metrum fyrir austan þann gamla og eins að útliti, nema að ákveðið er að setja glugga á suðurhlið hans. Nýtanlegur gólfþlótur verður 43.5 ferm. og er hann því helmingi stærri en sá gamli. Innréttingu verður hagað sem hér segir, fyrst verður gengið inn í fremri forstofu sem er um 2.5 ferm. að stærð. Úr henni er gengið hægra megin inn á salerni, en vinstra megin í innri forstofu sem er um 8.5 ferm. að stærð. Úr henni er svo gengið í sal, en stærð hans er tæpir 30 ferm. Í salnum verður rúmgóð eldunaraðstaða, svefnpláss í kojum fyrir 24 og þar fyrir utan um 15 ferm. gólfþlótur. Skálinn verður byggður úr 2.5x6 tommu furu og klæddur utan með 15 mm vatnsheldum krossviði, en að innan með 6 mm grenikrossviði. Undir honum verður stálgrind úr þremur IPE 180 stálbitum, en

á hana verður fest fjórum sérsmíðuðum skíðum sem skálinn verður dregin á áfangastað. Á Grímsfjalli verður borað niður í bergið fyrir galvaniseruðum rörum sem stálgrindin verður síðan rafsoðin við. Að síðustu verður svo gengið frá verönd í kringum skálann.

Bygging skála sem þessa er talsvert fyrirtæki, ekki síst fjármögnun og hefur verið leitað, með góðum árangri, til ýmissa aðila um framlög til verksins. Án þess að vilja kasta rýrð á neinn þykir okkur sem erum í forsvari fyrir þessari skálabyggingu þó vænst um hinn mikla áhuga sem félagsmenn um land allt hafa sýnt þessari framkvæmd með fjárstuðningi sínum, en eins og ykkur er kunnugt gafst öllum kostur á að bæta við félagsgjaldið 1986 framlagi til skálabyggingar. Þegar þetta er ritað hafa tveir þriðju hlutar þeirra gíróseðla sem borist hafa verið með framlagi og viljum við þakka kærlega fyrir þessar góðu undirtektir. Þegar endanlega hefur verið gengið frá teikningu af skálanum verður hún birt í fréttabréfinu og nánari fregnir eftir því sem verkinu miðar áfram.

#### AF JÖKLI

Nú eru fyrirliggjandi 8 allstórar vísindagreinar til birtningar í Jöklí þar af ein á íslensku. Allar þessar greinar eru nánast tilbúnar til setningar. Að auki er von á þremur til fjórum til viðbótar sem eru hjá höfundum til lokafrágangs eftir gagnrýni yfirlesara. Stjórn félagsins hefur ákveðið að takmarka stærð Jökuls við 96 síður að þessu sinni og er því ljóst að komið er efni í 1986 árganginn og trúlega talsvert í 1987 árganginn. Ritnefnd mun koma saman að sumarfríum loknum og velja þær greinar

sem settar verða í 1986-heftið sem væntanlega kemur út síðla hausts og vonir standa til að 1987-heftið komi út snemma næsta árs. Það er því ljóst að þeir sem ætla að koma efni að í 1987 heftið af Jökli verða að láta hendur standa fram úr ermum á næstunni.

Þrátt fyrir að allmikið efni liggi nú fyrir hjá Jökli hefur ekkert félagsefni borist ritstjóra svo horfur eru á að tvö næstu tölublöð Jökuls verði nær eingöngu með vísindagreinar á erlendum tungum nema félagsmenn hressist í rithöndinni næstu vikur; sem sé það er auglýst eftir félagsefni.

Forsíða næsta heftis verður væntanlega prýdd fallegri mynd af Sólheimajökli. Hafi félagsmenn í fórum sínum myndir sem þeir telja að hæfa muni sem forsíðumynd næsta árgangs eru þeir hinir sömu beðnir að koma þeim á framfæri við ritnefnd eða ritstjóra. /Ólafur G Flóvenz

## ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð félagsins verður haldin í Risinu við Hverfisgötu laugardaginn 12. nóvember 1986. Verður hún auglýst síðar í fréttabréfi.

## VORLEIÐANGUR JÖRFI 1986

Haldið var frá Reykjavík að morgni 21. júní, komið í Jökulheima kl. 16:30, lagt á jökulinn kl. 23:30 og komið á Grímsfjall kl. 8:30 að morgni sunnudags. Unnið var í Grímsvötnum fram á þriðjudagskvöld, haldið til Kverkfjalla kl. 01 aðfaranótt miðvikudags, gengið á hæsta tind í austanverðum Kverkfjöllum (1920 m.y.s), komið í

skálann kl. 8:30 að morgni, farið í Hveradalinn og snúið til Grímsvatna um kl. 23 að kvöldi og komið aftur á Grímsfjall snemma morguns. Ofan af jöklí var haldið að kvöldi fimmtudags, dvalist í Jökulheimum föstudag og haldið heim laugardag 27. júní. Einstök veðurblíða hélst alla ferðina, hæg suðvestlæg átt, hlýtt og sólríkt, að undantekinni þoku og rigningaráða á föstudag.

Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð íshellunnar undir Vatnshamri mældist í 1426 m y.s. Hvorki sást þar vatnsborð né við gosstöðvarnar frá 1983. Vatnsborð er því að nálgast þá hæð, þegar hlaupið getur úr Vötnunum.
2. Vetrarákoma á miðri íshellunni mældist 2140 mm vatns (4.42 m af snjó). Er það nokkuð undir meðaltali áranna frá 1950, en það er 2450 mm.
3. Íssjármælingar voru gerðar norðan og vestan Grímsvatna, á leið frá Tungnárjöklí til Grímsfjalls og þaðan til Kverkfjalla, alls um 250 km. Hefur ekki áður unnist eins mikið við íssjármælingar í vorleiðangri JÖRFI.
4. Mæld var leysing á stíkum á Tungnárjöklí og þær boraðar niður eftir þörfum.
5. Sýni voru tekin til samsætumælinga (súrefnis og vetrnis) með jöfnu millibili á leið frá Tungnárjöklí til Grímsfjalls og á leið til Kverkfjalla. Einnig voru tekin sýni til geislamælinga á Grímsfjalli til að kanna hvort þar hefði fallið geislavirk úrkoma eftir slysið í Chernobyl.
6. Sett var upp nýtt loftnet í mastrið á Grímsfjalli og beinir það sendingum niður að

## Vatnsfelli.

7. Gerðar voru tilraunir með endurbættan búnað til upphitunar í skála á Grímsfjalli.

8. Settar voru upp stikur, nokkuð jafndreifðar, á íshelluna í Grímsvötnum og staða þeirra landmæld. Stefnt er að því að landmæla þær aftur í haust svo að upplýsingar fáist um skrið íshellunnar inn á jarðhitasvæðið í Grímsvötnum.

9. Gerðar voru tilraunir með að finna segla, sem grafist hafa snjó, með segulmæli og málmlæitartæki. Þessar tilraunir lofa góðu um að skilja megi segla eftir á jöklinum að hausti og finna þá aftur að vori og fylgjast þannig með hreyfingu jökuls og vetrarákomu.

10. Hópur frá Orkustofnun vann að MT- mælingum (jarðstraumsmælingum) vestan og norðan við Grímsvötn og sunnan við Kverkfjöll.

11. Hæð Kverkfjallaskála mældist í 1713 m.y.s með nákvæmum loftþyngdarmælingum, miðað við 1920 m hæð á hæsta tindi Kverkfjalla.

12. Skálinn á Grímsfjalli var tjargaður og Kverkfjallaskálinn málaður.

13. Síðast en ekki síst var valið stæði fyrir nýjan skála á Grímsfjalli, grunnur tekinn, jafnaður og mældur.

Farartæki voru Jökull I, snjóbíll Landsvirkjunnar (X-6306), Gosi Erlings Ólafssonar og sex vélsleðar. Þáttakendur voru 29.

Með í ferðinni var brautryðjandinn, Sigurjón Rist, sem fyrir 35 árum vann að mælingum á þykkt

Vatnajökuls í fransk-íslenska leiðangrinum. Einnig var með okkur Gunnar Hjaltason, sem vann með Steinþóri Sigurðssyni að jöklarannsóknum á Mýrdalsjökli sumarið 1943. Hann teiknaði margar myndir sem gaman verður að sjá fullgerðar. Ennfremur voru með nýliðar sem mikils er af vænst.

Með þessum leiðangri hefur JÖRFI enn einu sinni sannað gildi sitt, þar sem saman vann áhugasamt og félagslynt fólk úr ýmsum starfsstéttum að viðamiklum verkefnum, sem varla yrðu unnin án félagsins. /Helgi Björnsson.

#### LANGJÖKULL 1986

Dagana 8. - 9. júlí dvöldumst við 5 félagar í skála félagsins, Kirkjubóli á Langjökli. Við bárum fúavarnarefnni á alla lista á þaki og veggjum, einnig þéttum við glugga á suður stafni. Seinni part dags þess 9. júlí héldum við til baka í þverbrekknamúla og um hina nýju göngubrú á Fúlukvísl að vegamótunum til Kerlingafjalla. Heimleiðis héldum við á föstudag 11. júlí með skíðafólki úr Kerlingafjöllum. /Pétur Þorleifsson.